

Fjarðabyggð
Aron Leví Beck
Hafnargötu 2
730 Reyðarfjörður

Reykjavík, 30. maí 2023
UST202305-147/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2020-2040 – Skógrækt

Vísað er til erindis skipulags- og umhverfisfulltrúa í Fjarðarbyggð er barst 11. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2020-2040.

Í greinargerð kemur fram að vaxandi áhugi er á skógrækt í stórum stíl, að hluta í tengslum við kolefnisbindingu og hagræna hvata sem ýta undir slík verkefni. Í stefnu aðalskipulags Fjarðabyggðar 2020-2040 er almennt gefið gott svigrúm fyrir skógrækt, enda gangi hún ekki á land sem nýtur verndar vegna sérstöðu í náttúrufari eða gott akuryrkjuland. Á hinn bóginn er ljóst að skógrækt getur breytt verulega ásynd lands og tegundasamsetningu og því mikilvægt að um slíkar breytingar sé haft samráð til þess að tryggja að sjónarmið allra hagaðila komi fram.

Skógrækt og votlendi

Í umsögn stofnunarinnar dags. 4. nóvember 2021 varðandi heildarendurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins segir: *Í greinargerð kemur fram að skógrækt er ekki heimil á svæðum sem njóta verndar vegna jarðminja, vistkerfa eða menningarminja, sbr. ákvæði laga um náttúruvernd og laga um menningarminjar. Umhverfisstofnun bendir á að á jaðri og innan SL 40, SL 41 og SL 62 eru votlendi sem falla undir sérstaka vernda, 61. gr. náttúruverndarlaga. Umhverfisstofnun telur að tillagan geti raskað votlendinu og bendir stofnunin á mikilvægi þess að tillagan sé yfirfarin og tekið sé tillit til ákvæða 61. gr. náttúruverndarlaga eins og kveðið er á um í skilmálum skipulagsáætlunarinnar.* Ekki var tekið tillit til umsagnar Umhverfisstofnunar hvað þetta varðar. Á reit SL62 Brekkuborg er stöðuvatnið Brekkuborgarvatn og umliggur votlendi vatnið sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum.

Aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftlagsmálum

Í greinargerð kemur fram að vaxandi áhugi er á skógrækt í stórum stíl, að hluta í tengslum við kolefnisbindingu og telur stofnunin það jákvætt.

Umhverfisstofnun vill benda sveitarfélagið á aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftlagsmálum er ein aðgerðin að vernda og endurheimta votlendi.

Land sem nýtur verndar vegna sérstöðu í náttúrufari

Umhverfisstofnun tekur undir að áætlunin heimili ekki skógrækt á landi sem nýtur verndar vegna sérstöðu í náttúrufari. Umhverfisstofnun bendir á að það er ekki einungis verndarsvæði eins og votlendi sem nýtur sérstakrar verndar eða svæði á náttúruminjaskrá, heldur einnig votlendisvistgerðir sem eru verndaðar samkvæmt Bernarsamningnum og búsvæði fugla sem eru ábyrgðartegundir fyrir Ísland.

Afmörkun reita

Eins og áður hefur komið fram leggur sveitarfélagið áherslu á að skógrækt sé utan svæða sem njóta verndar vegna sérstöðu í náttúrufari eða gott akuryrkjuland. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að sveitarfélagið skilgreini skógræktarreiti á aðalskipulagsupprætti. Auk þess væri æskilegt að sveitarfélagið setti sér stefnu eða komi með dæmi um hvar æskilegt sé að skógræktarreitir séu staðsettir.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri